

21.mars.2024.

Umsögn Hugarafis vegna Þingályktunartillögu um neyðargeðheilbrigðisteymi og fræðslu viðbragðsaðila-mál 222

Okkur hjá Hugarafli lýst vel á að það verði farið í að stofna þetta teymi sem og fræða lögreglu um einstaklinga í krísu og hvernig sé hægt að höndla samskipti við þá í útköllum. Við styðjum þessa þingsályktun en okkar langar að koma tvennu á framfæri. Við myndum vilja sjá að það væri notandi geðheilbrigðisþjónustunar í teyminu sem sjálfur hefði reynslu af þessum málum. Það er að segja hafi sjálfur upplifað krísuástand og samskipti við viðbragðsaðila. Við myndum vilja sjá þennan notanda vera með í útköllum, hann gæti búið yfir dýrmætum tólum til eiga samskipti í einstaklingin í krísu og hann gæti verið líklegur til að ná að mynda samband við einstaklinginn í krísu og grundvöll fyrir samskiptum á vettvangi. Við myndum líka vilja sjá að notandinn væri hluti af fræðslunni sem lögreglan á að fá. Síðan viljum við að teki verði tillit til þess að það að upplifa aðför að sér í krísu er mikið áfall. Það verður að taka á eftirköstum þessa mála. Við viljum að fólk sem er frelsisvipt fái áfallahjálpi til að vinna úr erfiðum tilfinningum sem þessi reynsla getur haft í för með sér. Við hjá Hugarafli sjáum vel alvarlegar langtímaafleiðingar af þessum málum hjá skólstaðingum okkar og minnum á að þetta er ekki bara krísa í ákveðnum aðstæðum heldur getur allt oft undið upp sig og orðið langvarandi vandi bæði hjá notendum og þeim sem þjónusta þá.

Við ætlum ekki að hafa þetta lengra að sinni enda málið á frumstigi en við hjá Hugarafli viljum vera með í öllu þessu ferli og við viljum endilega koma með tillögur til úrbóta þegar skýrari mynd er komin á hvernig þetta á að fara fram. Við höfum stóran hóp notanda sem býr að mikilvægari reynslu af þessum málum og hefur sýn sem getur reynst dýrmætt til þess að útfærsla á þessu mikilvæga máli komi farsælega út.

F.H Hugarafi

Grétar Björnsson.

Elvar Ólafsson.